

Fimmtudaginn 1. október 1992.

Nr. 75/1991. **Hagbær sf.**

gegn

**Hauki Ingimarssyni,  
Kristínu Sigurðardóttur,  
Lífeyrissjóði sjómanna,  
Lífeyrissjóði Suðurnesja,  
Sparisjóðnum í Keflavík,  
Vátryggingafélagi Íslands hf.,  
Landsbanka Íslands og  
Ríkisútvarpinu.**

Kærumál. Nauðungaruppboð. Áfrýjun. Frávísun frá Hæstarétti. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1991. Því var áður áfrýjað með stefnu 11. desember 1990 í máli nr. 462/1990, en sú málsókn féll niður 1. febrúar 1991, þar sem málið varð ekki þingfest. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992. Málið hefur verið sótt og varið skriflega.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða uppboðsgerð og uppboðsmálið í heild verði ómerkt og málinu vísað frá uppboðsrétti. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi varnaaðila.

Varnaraðilarnir Vátryggingafélag Íslands hf. og Ríkisútvarpið gera hvor um sig þær kröfur, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti og sóknaraðila gert að greiða þeim kærumálskostnað.

Varnaraðilarnir Sparisjóðurinn í Keflavík og Lífeyrissjóður Suðurnesja hafa lýst því í greinargerð, að þeir óski ekki eftir að hafa afskipti af málinu.

Frá öðrum aðilum hafa ekki borist kröfur eða greinargerðir.

Hinn 14. nóvember 1990 fór fram í uppboðsrétti Keflavíkur þriðja og síðasta uppboðssala á neðri hæð fasteignarinnar Hátúns

12 í Keflavík, þinglýstri eign varnaraðilanna Hauks Ingimarssonar og Kristinar Sigurðardóttur, og er það hið kærða nauðungaruppboð. Á uppboðinu varð hæstbjóðandi Sigurður Leifsson með boði að fjárhæð 1.380.000 krónur. Samkvæmt uppboðsbók krafðist hann útlagningar sem ófullnægður veðhafi, en af gögnum málsins verður ekki séð, að hann hafi verið meðal veðhafa. Sóknaraðili hafði krafist uppboðs 5. september 1991 á grundvelli fjárnáms í umræddri eign. Samkvæmt greinargerð hans fyrir Hæstarétti kom hann nokkrum mínútum of seint til uppboðspings, en þá var uppboðið afstaðið. Reisir sóknaraðili kröfur sínar aðallega á því, að upphafleg uppboðsbeiðni Sparisjóðsins í Keflavík 12. apríl 1989 hafi verið afturkölluð 4. desember sama ár, en uppboðshaldari hafi engu að síður haldið uppboðsmálinu fram, án þess að séð verði, að aðrar uppboðsbeiðnir hafi legið fyrir á þeim tíma.

Svo sem fyrr segir, varð Sigurður Leifsson hæstbjóðandi í fyrrgreinda eign á uppboðspinginu 14. nóvember 1990. Úrslit máls þessa varða því hagsmuni hans, og bar við áfrýjun uppboðsins að stefna honum, svo að honum gæfist kostur á að gæta réttar síns. Þar sem það var ekki gert, þykir verða að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilunum Vátryggingafélagi Íslands hf. og Ríkisútvarpinu kærúmálskostnað, eins og segir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hagbær hf., greiði varnaraðilunum Vátryggingafélagi Íslands hf. og Ríkisútvarpinu 15.000 krónur hvorum í kærúmálskostnað.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Hæstbjóðandi á nauðungaruppboði, sem ekki á fyrir réttindi í söluverðmætinu, er ekki aðili uppboðs samkvæmt því, sem um var mælt í 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. nú 2. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann getur áfrýjað uppboðsmáli hagsmuna sinna vegna, ef því er að skipta, eða komið

fram við uppboðshaldara með kröfur eða mótmæli varðandi söluverðmætið, er leiði til málsaðildar samkvæmt 4. tl. umræddra lagagreina. Að öðru leyti getur það verið atvikum undirorpið, hvort nauðsynlegt sé eftir almennum málskotsreglum að kveðja hann til aðildar við áfrýjun eða kæru uppboðsmáls, meðan hann er ekki orðinn kaupandi á uppboðinu.

Þegar máli þessu var fyrst áfrýjað, hafði boð Sigurðar Leifssonar á uppboðsþingi ekki verið samþykkt með formlegum hætti. Ekki verður séð, hvort hann hafði gengið eftir því samþykki eða gert reka að greiðslu á uppboðsverði, og bókun um útlagningu til hans var ekki marktæk. Var ekki unnt að líta á hann sem uppboðskaupanda eftir ákvæðum laga nr. 57/1949. Hann hafði ekki haft uppi við uppboðshaldara sérstakar kröfur, er líta þyrfti til við málskot. Málsástæður sóknaraðila varða ekki boð Sigurðar eða atvik á sölubinginu 14. nóvember 1991, heldur fyrri meðferð uppboðsmálsins. Að þessu athuguðu virðist mér ekki óhjákvæmilegt að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti fyrir þá sök, að honum var ekki stefnt til aðildar, eða sinna kröfum varnaraðila í þá átt. Í greinargerðum sínum hafa þeir ekki tjáð sig um efni málsins. Teldi ég heimilt, eins og hér stendur á, að þeim yrði gefinn kostur á því og jafnframt leitað eftir athugasemdum frá uppboðshaldara og umræddum hæstbjóðanda, enda sætir málið nú kærumeðferð. Þar sem aðrir dómendur telja á hinn bóginn, að vísa beri málinu frá, er ekki ástæða til að veita því frekari umfjöllun.

---